



Umhverfis- og skipulagsráð
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

Svar við fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um tæmingu tunna

Á fundi umhverfis- og skipulagsráðs, þann 13. september sl. var lögð fram að nýju svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins:

„Nú er innleiðing nýs flokkunarkerfis heimilisúrgangs er farið af stað og hefur gengið á ýmsu í því sambandi sérstaklega þegar kemur að tæmingu tunna. Flokki fólksins hafa borist kvartanir um að plast og pappírs tunnur hafi ekki verið tæmdar í allt að sex vikur. Spurning hvort hér sé um byrjunarörðuleika að ræða? Því vill fulltrúi Flokks fólksins spyrja hver sé áætlaður tími fyrir losun á sorptunnum borgarinnar? Einnig er spurt af hverju þetta var ekki séð fyrir að það þyrfti fleiri hirðubíla? Loks er spurt hver sé raunveruleg ástæða fyrir því ófremdarástandi sem ríkt hefur í þessum málum í sumar. Er það rétt að skýringin sé sú að það sé vegna yfirvinnubanns hjá Reykjavíkurborg og þess vegna var ekki hægt að flýta viðgerðum á bílum til að koma þeim í virkni vegna þessa? Er það rétt að bílar hafi verið óþarfalega lengi úr umferð þar sem að ekki mátti vinna í yfirvinnu við að laga þá? Fulltrúi Flokks fólksins kallar eftir heiðarleika í þessu máli og þegar spurt er út í skýringar á töfum að sagður sé sannleikurinn.“

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu umhverfisgæða.

Svar við fyrirspurn:

Fyrst er spurt út í tafir vegna sorphirðu á þurum endurvinnsluefnum (pappír og plasti).

Megin ástæða tafa á hirðu á pappír og plasti voru vegna tafa á afhendingu nýrra hirðubíla sem upphaflega áttu að berast í mars sl. Afhending bílanna frestaðist í þrígang og verður síðasti bíllinn af fimm sem afhenda átti tekinn í notkun í næstu viku. Þegar ljóst var að tafir yrðu á afhendingu bílanna var þremur eldri bílum breytt þ.a. þeir gætu losað tvískiptar tunnur sem verið var að innleiða. Bílarnir eru hins vegar orðnir gamlir og komu upp bílanir í þeim sem tafði hirðuna. Þegar sorphirða tefst og úrgangur safnast upp verður yfirferð við losun erfiðari, hirða þarf úrgang sem liggur við hlið íláta og úrgangur situr fastur í ílátum eftir að hafa verið troðið í þau. Því hefur tekið nokkurn tíma að vinna niður tafirnar. Hirða á þessum efnum er í dag á þriggja vikna fresti líkt og var áður en nýtt hirðukerfi var innleitt en stefnt er að því að hirða á þessum efnum verði aðra hverja viku svo bjóða megi litlum sérbylum tvískipta tunnu fyrir pappír og plast. Aðrar ástæður tafanna eru m.a. hraðari innleiðing á nýju hirðukerfi og fjölgun hirðuláta en stefnt var að og tafirnar



urðu á orlofstíma þegar afleysingafólk sinnir hirðustörfunum. Rétt er að benda á að engar tafir urðu á hirðu á blönduðu sorpi og matarleifum, eingöngu pappír og plasti og pappír og plast má losa á næstu grenndarstöð rúmist það ekki í flátum við heimili.

Næst er spurt út í losunaráætlun á sorptunnum borgarinnar.

Að jafnaði er gert ráð fyrir því að tunnur fyrir fyrir blandaðan úrgang, matarleifar, pappír og plast séu losaðar á tveggja vikna fresti. Í nágrennasveitarfélögum Reykjavíkur er miðað við að losun á pappír og plasti sé á 3-4 vikna fresti.

Þá er spurt út í hvort fyrrséð hafi verið að fleiri sorphirðubíla vantaði.

Fyrrséð var að fleiri hirðubíla vantaði og voru keyptir fimm nýir hirðubílar sem afhenda átti í mars á þessu ári. Skrifstofa umhverfisgæða gerði ráð fyrir að tafir gætu orðið á afhendingu nýrra hirðubíla. Því var gert ráð fyrir að hefja ekki innleiðingu á nýju hirðukerfi fyrr en tveim mánuðum eftir fyrirhugaða afhendingu á nýjum bílum og að mögulega þyrfti að breyta eldri bílum svo losa mætti tvískiptar tunnur. Talið var að ráðstafanir skrifstofunnar gætu tryggt hirðu fyrstu mánuði innleiðingar á breyttu hirðukerfi. Það var hins vegar ekki gert ráð fyrir að afhending bíla gæti tafist í þrígang og um sjö mánuði síðasti bíllinn sbr. hér að framan.

Spurt er hver sé ástæða þeirra tafa sem urðu á sorphirðu síðastliðið í sumar?

Líkt og rakið var í upphafi má rekja ástæðu tafanna til ólíkra þátta m.a. tafa á afhendingu hirðubíla, bílana á eldri hirðubílum, hraða innleiðingar á nýju flokkunarkerfi og sumarleyfa.

Spurt er hvort tafir á sorphirðu tengist yfirvinnubanni í Reykjavíkurborg sem hafi áhrif á viðgerðir á sorphirðubílum?

Bilanirnar á sorphirðubílum sem komu upp í sumar voru af ólíkum toga en sumar reyndust tímafrekar. Viðgerðir á sorphirðubílum eru framkvæmdar af þjónustuaðila sorphirðubíla, ekki Reykjavíkurborg, og hefur því ekkert með vinnuríma borgarstarfsmanna að gera. Þjónustuaðilinn hefur reynt eftir fremsta megni að flýta viðgerðum þegar bilanir koma upp og hefur sorphirðan haft forgang inn á verkstæði þjónustuaðilans. Því var ekki hægt að flýta viðgerðum umfram það sem var gert en þær geta t.a.m. verið háðar varahlutum.

F. h. umhverfis- og skipulagssviðs

Benedikt Traustason
verkefnisstjóri skrifstofu umhverfisgæða